

Nd.

472. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 81 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist: öðrum en saltfiski. Af saltfiski skal greiða $\frac{1}{4}\%$ í útflutningsgjald.

2. gr.

Fyrsti liður 4. gr., stafliður a., orðist þannig: Til Fiskveiðasjóðs Íslands $1\frac{1}{2}\%$ af öðrum sjávarafurðum en saltfiski.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Endurgreiða skal útflutningsgjald það, sem þegar hefur verið innheimt af saltfiski ársins 1947, að svo miklu leyti sem sú greiðsla er ekki í samræmi við þessi lög.

Greinargerð.

Landssamband íslenzkra útvegsmanna hefur sent fjárhagsnefnd tilmæli um að flytja frv. þetta, sem er leiðrétting á l. nr. 81 1947, er sett voru á síðasta þingi, og ekki var ætlað til samkvæmt þeim, að undanþáguákvæði l. nr. 59 1937, um útflutningsgjald af saltfiski, væri fellt úr gildi. Er því hér aðeins um leiðréttingu að ræða, hvað saltfiskinn áhrærir.

Erindi L.f.Ú. fylgir hér með til skýringar. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur til þess að flytja og fylgja breytingartillögum, sem fram kynnu að koma.

Fylgiskjal.

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 27. febrúar 1948.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis.

Í sambandi við lög þau, er samþykkt voru á Alþingi á s. l. ári, um útflutningsgjald af sjávarafurðum (nr. 81 1947), leyfum vér oss að vekja athygli fjárhagsnefndar á eftirfarandi:

Eins og greinargerð frumvarpsins ber með sér, var ekki ætlað til, að lög nr. 59 frá 1937, um undanþágu frá útflutningsgjaldi af saltfiski, yrðu felld úr gildi. Nú hefur hins vegar verið innheimt að einhverju leyti útflutningsgjald af saltfiski síðasta árs samkvæmt ákvæðum 1. gr. laganna nr. 81 frá 1947. Hefur þetta valdið mikilli óánægju og saltfiskframleiðendur og útvegsmenn óskað eftir því, að vér beittum oss fyrir því, að leiðrétting fengist frá Alþingi í þessum efnun. Er og nauðsynlegt að fá slíka leiðréttingu frá Alþingi, þar sem litið mun verða á lögum nr. 81 frá 1947 sem „codification“ um útflutningsgjöld af sjávarafurðum og þar með lög nr. 59 frá 1937 ekki lengur til framkvæmda, þó að ekki sé þess getið í lögnum frá því í fyrra, að hin umræddu lög frá 1937 eigi að falla úr gildi. Þá er og þess getið í greinargerð laganna nr. 81 frá 1947, að framlag til Fiskveiðasjóðs sé með þeim lögum hið sama og áður var, en sú hækkun, sem um ræðir í 1. gr. laganna vegna útflutningsgjalds af saltfiski, rennur öll til Fiskveiðasjóðs samkv. 1. lið af 4. gr. frumvarpsins.

Út af framansögðu leyfum vér oss að fara fram á það við hestvirta fjárhagsnefnd, að hún beiti sér fyrir því, að eftirfarandi breytingar verði gerðar á lögnum nr. 81 frá 1947.

1. Að aftan við 1. grein frumvarpsins komi: „öðrum en saltfiski. Af saltfiski skal greiða $\frac{1}{4}\%$ í útflutningsgjald“.
2. Að 1. liður 4. gr., a. orðist þannig: „Til Fiskveiðasjóðs Íslands $1\frac{1}{2}\%$ af öðrum sjávarafurðum en saltfiski“.

Þá þyrfti og jafnframt að setja bráðabirgðaákvæði um það að endurgreiða útflutningsgjald það, sem þegar hefur verið innheimt af saltfiski ársins 1947, að svo miklu leyti sem sú greiðsla fer í bága við framangreindar breytingar á lögnum.

Virðingarfyllt,

F. h. Landssambands ísl. útvegsmanna

J. V. Hafstein.